

vera ógild. Hinar stefndu hreppsnefndir Búða og Fáskrúðsfjarðarhreppa greiði áfryjanda Waldemar Petersen 40 krónur í málskostnað.

Hinum skipaða verjanda hreppsnefndanna, Einari Arnórssyni lagaskólakennara, bera 15 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. marzmán.

Nr. 54/1908:

Jónatan Þorsteinsson
gegn

Sigurði Guðmundssyni
sem umboðsmanni gufuskípafélagsins »Thore«.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem stefndi, afgreiðslumaður Thoregufuskípafélagsins Sigurður Guðmundsson í Reykjavík, höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfryjandanum Jónatan kaupmanni Þorsteinssyni í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða eftirstöðvar af flutningsgjaldi með skipum Thorefélagsins frá árunum 1905—1907, var dómur uppkveðinn í nefndum rétti 15. október f. á. þannig, að áfryjandinn var skyldaður til að greiða stefnda fyrir hönd tóðs félags 623 kr. 63, með 5% vöxt-

um frá sáttakæruðegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 4. desember f. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum. En hinn stefndi hefir krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjandinn fekk flutt með skipum Thorefélagsins allmikið af vörum (stofugögnum) til verzlunar sinnar öðruhvoru árin 1904—1907, og átti hann ólokið flutningsgjaldi því, er mál þetta er höfðað út af, 623 kr. 63 a. hinn 31. desbr. 1907. Telur hann að hann hafi greitt félaginu að fullu alt gjald fyrir flutninginn, er um var samið þeirra á milli, og meira þó, svo að hann eigi heldur hjá félaginu en það hjá honum. Áfrýjandinn hefir lagt fram í málinu miða, blyantsritaðan, nafnlausan og ódagsettan, sem þeim málsaðilum kemur saman um að hafi verið ritaður á skrifstofu Thorefélagsins í Kaupmannahöfn, en á miða þessum, sem yfir er skrifað »Fragtaftale med Hr. J. Thorsteinsson« er ritað verð á flutningi á vörutegundum þeim, er áfrýjandi verzlur með. Virðast málsaðilar samdóma um það, að miðinn hafi verið skrifaður í því skyni að sýna samkomulag það, er orðið hafi á milli félagsins og áfrýjanda um flutningsgjald, enda byggir nú áfrýjandi kröfu sína um sýknum í máli þessu á þeim samningi, er þar með hafi á komist milli þeirra. Hann álitur að félagið hafi eigi haldið samn-

inginn við sig að því leyti, að það hafi reiknað sér flutningsgjald af stofugögnum frá Svíþjóð eftir teningsmáli, 45 a. hvert teningsfet, en það sé miklu hærra gjald en samið hafi verið um, enda er á fyrnefndum miða flutningsgjald fyrir »Svenske Möbler« talið eftir þyngd, 2 kr. 50 a. fyrir hver 100 pd. ÷ $2 \times 10\%$ afslætti. En muninn á flutningsgjaldinu eftir fyrri reikningsaðferðinni og hinni síðari telur hann nema meira en upphæð þeirri, er hann nú er krafinn um.

Stefndi hefir neitað því, að áfryjanda hafi nokkurn tíma verið lofað hinu lægra gjaldinu fyrir flutning á stofugögnum frá Svíþjóð öðrum en svonefndum »Pindmöbler«, þ. e. stólum og ósamsettum og ófullgerðum stofugögnum, enda gangi þær í almennu verzlunarmáli undir nafninu »Svenske Möbler«, en um slík stofugögn sé hér eigi að ræða; fyrir almenn stofugögn hafi aftur gjaldið, hvort sem þau eru sænsk eða ekki, verið umsamið eftir teningsfetum, eins og að ofan er nefnt, og hafi tilætlunin verið sú ein með svo lagaðri samningsgjörð, að áfryjandi fengi sömu kjör á flutningnum, sem sameinaða gufuskipafélagið danska veitti, en það hafi gjört sama mun og Thorefélagið á flutningnum á Svenske Pindmöbler og öðrum sænskum stofugögnum (Almindelige Möbler). Það er nú hvorttveggja, að það er ekki eðlilegt að skilja orðið »Svenske Möbler«, eins og það stendur á miðanum (samningnum), þar sem á eftir því eru taldar »Alm. Möbler«, um öll sænsk stofugögn, hvers konar sem eru, heldur einmitt um sérstaka tegund stofugagna, einkanlega þau, er fyrirferðarminni eru, eins og þau eru, er stefndi heldur fram að átt sé við, enda kemur þetta heim bæði við skýrslu stefnda um, að miðað hafi verið

við flutningsgjald hjá sameinaða gufuskipafélaginu, en hana hefir áfryjandi eigi véfengt, og við yfirlýsingu frá Kaupmannaráði Reykjavíkur, er stefndi hefir lagt fram fyrir yfirdómi, en eftir henni er það alment verzlunarmál, að nefna »Svenske Möbler» einmitt þá tegund sænskra húsgagna (Pindmöbler), sem stefndi telur þau orð eiga að merkja.

Það er einnig ljóst af málinu, að skilningi þeim á flutningsgjaldssamningnum, sem áfryjandi heldur fram, var aldrei fylgt alt fyrsta árið, 1905, eftir að samið var, en samningurinn var gjörður á öndverðu ári 1905, og bendir þetta einnig til þess, að skilningur áfryjanda á samningnum sé eigi samkvæmt því, er ætlast var til í upphafi. Þó að það hafi komið fyrir tvisvar á árinu 1906, að gjaldið hafi verið reiknað eftir þyngd, þótt um almenn stofugögn væri meðfram að ræða frá Svíþjóð, en eigi eingöngu »Pindmöbler«, þá þarf það einstaka atvik, svo löngu eftir að samið var, ekki að skoðast öðruvísi en sem misgáningur hjá afgreiðslumanni, eins og stefndi heldur fram, en það verður ekki álitid sýna neitt né sanna um réttan skilning á samningnum milli málsaðilanna. Það verður þannig eigi álitid að áfryjandi hafi sannað að honum hafi verið lofað neinum þeim kjörum um flutningskaup hjá Thorefélaginu, að talið verði að honum séu ofreiknaðar þær 623 kr. 63 a., sem hann er lögsóttur um í máli þessu, og verður því að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum virðist rétt að áfryjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Jónatan kaupmaður Þorsteinsson greiði stefnda Sigurði Guðmundssyni fyrir hönd Thorefélagsins í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 4/1909:

Réttvísinn
gegn
Hinriki Árnasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 28. nóvembermán. f. á., var hinn ákærði, Hinrik Árnason, trésmiður á Sauðárkrók, dæmdur fyrir brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að greiða 20 kr. sekt í landssjóð eða sæta 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi yrði greidd í tæka tíð; svo var hann og dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal málsóknarlaun 4 kr. til hins skipaða verjanda fyrir aukaréttinum, hreppsnefndarmanns Jónasar Sveinssonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu valdsstjórnarinnar.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann hafi um mið-